



383. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, föstudaginn 12. desember 2025 kl. 16:00.

Mætt: Willum Þór Þórsson forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Anton Sveinn McKee, Hafsteinn Pálsson, Heimir Örn Árnason, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Sigurjón Sigurðsson, Trausti Gylfason, Viðar Garðarsson, Þórdís Anna Gylfadóttir, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Forföll: Elsa Nielsen, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Daníel Jakobsson.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Málefni á milli funda

Til kynningar og upplýsingar:

2.01 Samantekt skrifstofu

Lögð fram.

2.02 Fundargerð Fjármálaráðs ÍSÍ frá 30. október 2025

Lögð fram.

2.03 Fundargerð Fjármálaráðs ÍSÍ frá 12. nóvember 2025

Lögð fram.

2.04 Samantekt svæðisstöðva

Lögð fram. Umræður urðu um framtíð verkefnisins en niðurstaða hefur ekki borist frá mennta- og barnamálaráðuneyti varðandi áframhaldandi fjármagn til þess, þrátt fyrir eftirleitan.

2.05 Úttekt mennta- og barnamálaráðuneytis um Ferðasjóð íþróttafélaga

Lögð fram skýrsla um úttekt ráðuneytisins um Ferðasjóð íþróttafélaga. Í skýrslunni er góð yfirferð yfir starfsemi sjóðsins frá stofnun hans. Í úttektinni voru ákveðnir undirþættir skoðaðir (landshlutar, flokkar, kyn, íþróttir) og eins var skoðað hvort að augljósar skekkjur væri að finna í úthlutunum en svo var ekki að finna.

Helsta niðurstaðan er að fjármagn til sjóðsins hefur dregist saman síðustu árin á meðan allur ferðakostnaður hefur hækkað. Útgreiðslur hafa því lækkað, bæði sem hlutfall af ferðakostnaði en einnig að krónutölu. Framlag ríkisins hefur ekki fylgt vísitölu og verðhækkunum og hefur þurft að mæta aðhaldskröfu.

2.06 Minnisblað Stjórnsýslusviðs ÍSÍ varðandi dóma um félagsaðild

Lagt fram minnisblað Stjórnsýslusviðs ÍSÍ, unnið af Helgu Þórðardóttur lögfræðingi ÍSÍ, varðandi dóma um félagsaðild.

2.07 Drög að leiðbeiningum um málsmeðferð

Lögð fram drög að leiðbeiningum til íþróttafélaga um meðferð mála vegna brota félagsmanna á lögum eða reglum íþróttahreyfingarinnar, sem Helga Þórðardóttir lögfræðingur hefur unnið. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar til að styðja stjórnir íþróttafélaga þegar taka þarf ákvarðanir vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar hegðunar eða framkomu félagsmanna. Markmið

þeirra er að tryggja málefnalega, sanngjarna og gagnsæja málmeðferð sem ver bæði hagsmuni félagsins og réttindi félagsmannsins.

2.08 Áfangaskýrsla – Bjartur lífsstíll
Lögð fram.

2. Starfskjör forseta ÍSÍ

Forseti vék af fundi.

Pórey Edda Elísdóttir, 1. varaforseti, fór yfir stöðu mála. Á síðasta fundi framkvæmdastjórnar var varaforsetum og gjaldkera falið að taka málið áfram til frekari umræðu á milli funda. Tillaga starfskjaranefndar rædd. Umræður urðu um málið og ýmsa þætti þess.

Forseti kom aftur inn á fundinn.

3. Verkefnasjóður ÍSÍ

3.01 Reglugerð um Verkefnasjóð ÍSÍ
Minnisblað Stjórnsýslusviðs ÍSÍ

Forseti skýrði tillögu um niðurfellingu á reglugerð ÍSÍ um Verkefnasjóð og fór yfir minnisblað Stjórnsýslusviðs ÍSÍ þar að lútandi. Tillagan um niðurfellingu á sér uppruna í vinnuhópi ÍSÍ um góða stjórnarhætti sem starfaði á milli Íþróttabinga 2023 – 2025. Hópurinn taldi reglugerðina ekki nægilega gagnsæa og skýra og verkferla varðandi ákvörðunartöku óljósa.

Samþykkt að fella reglugerðina úr gildi frá og með deginum í dag en jafnframt skoða mögulegar lausnir til að mæta þörfum sambandsaðila til sérstakra styrkja, svo sem þjálfarastyrkja eða styrkja vegna þátttöku í alþjóðastarfi.

4. Formannafundur - Stefnumótun

Rætt um stefnumótunarvinnu sem fram fór á Formannafundi ÍSÍ í nóvembermánuði. Verið er að vinna úr niðurstöðum fundarins.

Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ munu sitja í stýrihópi verkefnisins.

5. Erindi til framkvæmdastjórnar ÍSÍ:

5.01 Erindi Rafíþróttasambands Íslands – umsókn og viðaukar
Minnisblað Stjórnsýslusviðs ÍSÍ

Lagt fram erindi frá Rafíþróttasambandi Íslands þar sem sótt er um viðurkenningu ÍSÍ á rafíþróttum. Umsókninni fylgja nokkrir viðaukar.

Í tengslum við málið vann Stjórnsýslusvið minnisblað þar sem farið er yfir tímalínu varðandi ýmsa þætti rafíþróttar og rafleikja, er tengjast inn á íþróttahreyfinguna og ákvarðanir þar að lútandi.

Samþykkt að fresta málinu til næsta fundar og gefa svigrúm til að skoða nánar fyrirbyggjandi gögn og afla nánari upplýsinga sem tengjast málinu.

5.02 Erindi JSÍ vegna flokkunar Afrekssjóðs ÍSÍ

Lagt fram erindi frá Júdosambandi Íslands til Afrekssjóðs ÍSÍ um flokkun á sérsamböndum. Sjóðsstjórn Afrekssjóðs ÍSÍ hefur þegar tekið erindið fyrir. Við flokkun er farið eftir 13. grein Reglugerðar um Afrekssjóð ÍSÍ en reglugerðin var síðast uppfærð í október 2025.

Rætt um verklag vegna innsendra erinda til Afrekssjóðs ÍSÍ og afgreiðslu þeirra.

6. Íþróttaeildhugi ársins 2025

6.01 Minnisblað

Lagt fram minnisblað Fræðslu- og almenningisíþróttasviðs þar sem fram koma upplýsingar um ferlið varðandi val á Íþróttaeildhuga ársins. Alls bárust 208 tilnefningar um 116 einstaklinga úr 25 íþróttagreinum.

Gert er ráð fyrir því að valnefnd ljúki störfum á næstu dögum og þá verður leitað samþykkis með rafrænum hætti frá framkvæmdastjórn um tilnefningar og útnefningu.

7. Íþróttamaður ársins

Farið yfir fyrirkomulag sameiginlegs hófs ÍSÍ og Samtaka íþrótafréttamanna um Íþróttamann ársins. Hófið verður laugardaginn 3. janúar nk. í Silfurbergi, Hörpu.

8. Afreksíþróttir

8.01 Úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ fyrir árið 2026

Olga Bjarnadóttir og Viðar Garðarsson viku af fundi.

Lögð fyrir tillaga að úthlutun úr Afrekssjóði vegna ársins 2026. Þórey Edda Elísadóttir formaður sjóðsstjórnar skýrði tillöguna.

Almennar umræður urðu um tillöguna.

Tillaga sjóðsstjórnar samþykkt samhljóða.

Olga og Viðar komu aftur inn á fundinn.

8.02 Launasjóður – þjálfarar

Lögð fram tillaga að launagreiðslum til fjögurra afreksíþróttþjálfara.

Samþykkt að samhljóða að greiða starfslaun skv. eftirfarandi:

HSÍ – Þórir Hergeirsson.

Mánaðarleg starfslaun kr. 300.000 í 12 mánuði eða samtals kr. 3.600.000,-.

LSÍ – Ingi Gunnar Ólafsson

Mánaðarleg starfslaun kr. 300.000 í 6 mánuði eða samtals kr. 1.800.000,-.

SKÍ – Haukur Þór Bjarnason

Mánaðarleg starfslaun kr. 300.000 í 12 mánuði eða samtals kr. 3.600.000,-.

SSÍ – Eyleifur Jóhannesson

Mánaðarleg starfslaun kr. 300.000 í 12 mánuði eða samtals 3.600.000,-.

9. Til afgreiðslu:

9.01 Formlegt boð um þátttöku í Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar, Brasov, árið 2027.

Samþykkt að staðfesta þátttöku í verkefninu.

9.02 Fundargerð framkvæmdastjórnar ÍSÍ frá 19. nóvember sl.

Fundargerðin staðfest.

9.03 Fundargerð laganefndar ÍSÍ frá 2. desember sl.

Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála, skv. fundargerð, staðfestar.

9.04 Viðhalds- og byggingarsjóður ÍSÍ

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra varðandi framkvæmdir við Íþróttamiðstöðina í Laugardal. Fjárhagsáætlun ÍSí gerir ráð fyrir 30 m.kr. úr Viðhalds- og byggingasjóði ÍSí vegna framkvæmda, sem er sama upphæð og árið áður.

Óskað er eftir því að framkvæmdastjórn ÍSí staðfesti þá heimild, þ.e. að allt að 30 m.kr. sé veitt úr sjóðnum vegna framkvæmda á árinu 2025.

Heimildin staðfest.

10. Viðburðir

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

11. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða 21. janúar, 25. febrúar (ath! 4. miðvikudagur vegna ÓL) og 18. mars 2025.

12. Önnur mál

Kveðjur frá Fyrirmyndarfélagi

Hafsteinn Pálsson bar kveðju til framkvæmdastjórnar frá forystufólki Hestamannafélagsins Sleipnis sem nýlega hlaut gæðavottunina Fyrirmyndarfélag ÍSí.

Yfirlýsing ráðherra vegna ákvörðunar IPC um þátttöku Rússa og Belarúsa á Paralympics

Anton Sveinn McKee vakti athygli á sameiginlegri yfirlýsingu fjölmargra íþróttamálaráðherra varðandi ákvörðun Alþjóðanefndar Paralympics (IPC) um að heimila þátttöku Rússa og Belarúsa á Paralympics undir eigin fána.

Hann gagnrýndi að ráðuneyti hafi ekki upplýst ÍSí um málið, áður en til undirskriftar kom.

Framkvæmdastjóri mun koma ábendingu um ofangreint á framfæri við ráðuneytið.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari